

STOFNFUNDARGERÐ

Stofnfundur hlutafélagsins H hf. var **haldinn** að Hamarshöfða 39, Reykjavík hinn 2. janúar 1995.

Fundinn sóttu: Ari Arason, Bjarni Bjarnason, Guðrún Guðmundsdóttir, Jón Jónsson og Jóna Jónsdóttir.

Á fundinum var lagt fram **frumvarp að stofnsamningi** fyrir hlutafélagið með **drögum að samþykktum** sem teljast hluti hans.

Frumvarpið var kynnt fundarmönnum. Það var síðan borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Þá fór fram **kosning í trúnaðarstöður** hjá félaginu:

Í **stjórn** félagsins náðu kjöri Jón Jónsson, formaður, og meðstjórnendur Bjarni Bjarnason og Jóna Jónsdóttir.

Sem **endurskoðendur/skoðunarmenn** voru kjörnir Ólafur Ólafsson og Sigríður Sigurðardóttir en til vara Óskar Óskarsson og Signý Sveinsdóttir.

Jafnframt var Bjarni Bjarnason ráðinn **framkvæmdastjóri** með **prókúru**. Einnig var samþykkt að Jón Jónsson hefði prókúru. Nýkjörinni stjórn var falið að **tilkynna** félagið til hlutafélagaskrár og útvega þau leyfi sem til þarf.

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir.

Fundargerðin var lesin upp og hún staðfest en fundi síðan slitið.

Reykjavík, 31. janúar 1995.